



# MYNL3TK05

## Kennsluáætlun – Vorönn 2020

Fjölbrautaskóli Suðurlands

---

### Kennari áfangans:

Elísabet Harðardóttir (EH) [elisah@fsu.is](mailto:elisah@fsu.is)

### Áfangalýsing:

Í áfanganum rifja nemendur upp blýantsskyggingar, form- og línuteikningar annars preps teikniáfangans. Farið er í fríhendingsteikningu, hluta, umhverfis og náttúru og gerðar tilraunir með súrrealíska myndbyggingu. Farið er dýpra í fjarvídd og þjálfun formskilnings. Kynntar og þjálfaðar blindteikningar mannamynda svo og hlutföll í mannlíkamanum. Gerður samburður á myndbyggingu út frá raunsæi, abstrakt og súrrealisma og lögð áhersla á fríhendingsteikningu og skissugerð

### Markmið áfangans:

#### Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- teikningu og mismunandi skyggingu hluta og náttúruforma
- áhrifum skugga og ljóss til að ná fram andstæðum í mynd
- munstri sem myndast við endurtekningu ýmissa forma
- notkun fjarvídarpunkta í myndbyggingu við skissugerð.
- blindteikningu svo og hlutfallaskiptingu mannlíkamans
- súrrealískum áhrifum í myndum

#### Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- teikna fríhendis í skissugerð
- finna, teikna og skyggja, munstur sem endurtekning forma skapar.
- myndbyggingu bæði á raunsæjan og súrrealískan hátt.
- vinna með fjarvídd hluti og náttúruform í fríhendingsteikningu
- mæla út hlutföll mannlíkamans og nýta í sinni teikningu.
- nota blind teikningu í gerð mannamynda
- yfirfæra margvíslegar eigin skissur í lokamynd

## Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- teikna myndir úr sínu nánasta umhverfi með hjálp þrívíddar - og fjarvídartækni
- ná fram fjölbreytilegri skyggingu
- vinna með munstur út frá endurtekningu ýmissa forma úr náttúrunni
- teikna upp raunsæja sem og súrrealíska mynd af hlutum og umhverfi sínu.
- teikna fólk með blindteikningu og líka í réttum hlutföllum.
- teikna upp raunsæja sem og súrrealíska mynd út frá hlutum og náttúru
- Tengja saman ólíka þætti svo úr verði heildstætt verk

## Kennslubækur og kennslugögn

- Fyrirlestrar, innlögn, glærur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur.

## Kröfur og verkefnaskil

- Skila þarf að lágmarki 80% af verkefnum annarinnar til að eiga möguleika á að standast
- Nemendur útbúa möppur strax í byrjun annar fyrir verk sín.
- Nemendur geymi skissur og verkefni í möppunum og haldi vel utan um allt.
- Um er að ræða próflausan símats og leiðsagnarmats áfanga. Hver verkhluti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi, tilraunir, framfarir og mæting.

## Efnisgjald

- Efnisgjald í áfanganum er 5000 kr og skal það borgað á skrifstofu sem allra fyrst.

## Vægi námsþátta í vetrareinkunn og gróf tímaáætlun á önninni

- 1. Mappa (5%) jan.
- 2. Náttúra nær og fjær, áferðir og raunsæjar skyggingar (15%) jan.
- 3. Hlutir og dýr, munstur í skyggingum (15%) jan.- feb.
- 4..Manna myndir, hlutföll, blind teikningar, skissur og skyggðar myndir(20%) feb.- mars
- 5. Fjarvidd mismunandi bygginga (20%) mars
- 6. Lokaverkefni, blöndun raunsæis og súrrealisma (25%) apríl-maí

## Annað

- Tölvur og símar leyfðir í tímum enda mikilvæg vinnutæki. Nemendur eru þó beðnir um að lágmarka notkun á samfélagsmiðlum, símtölum og skilaboðum hvers konar og einbeita sér sem mest að sköpuninni og vinnunni.

Kennsluáætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.